

Hrunamannahreppur
Akurgerði 6 Flúðum
845 Hrunamannahreppur

Garðabær, 10. nóvember 2023
Málsnúmer: 202310-0035
BK/LA

Efni: Brúarhlöð – Vinnslutillaga vegna breytinga á aðalskipulagi og nýs deiliskipulags

Við er í tölvubréf gegnum Skipulagsgátt, dags. 20. október 2023, þar sem Hrunamannahreppur óskar eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um tillögu á vinnslustigi vegna breytingar á aðalskipulagi fyrir Brúarhlöð. Samhliða því er unnið deiliskipulag fyrir svæðið.

Breytingin nær yfir nýtt verslunar- og þjónustusvæði við Brúarhlöð, nýtt vatnsból og vatnsverndarsvæði en svæðið er landbúnaðarsvæði samkvæmt gildandi aðalskipulagi.

Heimilt verður að byggja allt að 500 m² þjónustuhús á einni hæð. Í húsinu getur verið veitingasala, snyrtingar, upplýsingar og ýmis konar þjónusta við ferðamenn. Einnig verður bílastæði stækkað og gerðir göngustígar og útsýnispallar við Hvítá. Stærð svæðis er allt að 4 ha.

Náttúrufræðistofnun Íslands hefur kynnt sér tillöguna og vill koma eftirfarandi ábendingum á framfæri:

Náttúrufræðistofnun veitti umsögn þann 1. ágúst 2023 um skipulagslýsingu vegna breytinga á aðalskipulagi og deiliskipulags fyrir svæðið. Í umsögninni kom fram að hófleg uppbygging og stýring umferðar eftir göngustígum gæti haft jákvæð áhrif en hætt er við að mikil uppbygging muni raska ásýnd svæðisins og rýra verndargildi þess en svæðið er á náttúruminjaskrá (nr. 736) vegna landslags og gróðurs.

Síðan þá hefur verið dregið úr umfangi mannvirkja og stærð þjónustusvæðis, meðal annars hefur verið hætt við fyrirhugaða gistingu og þjónustuhús minnkað. Enn er þó ekki ljóst út frá sveitarfélagsuppdrætti hvernig eigi að koma fyrir allt að 4 ha þjónustusvæði án þess að skerða náttúruminjar og landslagsupplifun svæðisins umtalsvert.

Mesta aðdráttarafl svæðisins felst í bergmyndunum og rofi Hvítár og er þetta tiltölulega lítið svæði sem þolir illa mikinn ágang ferðamanna. Mikilvægt er að stýra umferð ferðamanna innan svæðisins með merktum stígum og koma á landvörslu.

Náttúrufræðistofnun vill því hvetja sveitarfélagið til að hefja undirbúning að friðlýsingu Brúarhlaða sem fyrst og vinna að uppbyggingu innviða innan náttúruminjasvæðisins í samráði við Umhverfisstofnun.



Virðingarfyllst,

Borgný Katrínardóttir
Líffræðingur, svið náttúruverndar

